

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Alþingi

Erindi nr. Þ 135/2703

komudagur 14.5.2008

Alþingi, Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Ísafirði 13. maí 2008

Umsögn til Alþingis frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með vísan til bréfs Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis, dags 23. apríl 2008. Ósk um umsögn frumvarp til laga um fiskeldi. Þingskjal 831–530. mál.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur mikilvægt það skref sem hér er stigið með frumvarpi til nýrra heildarlaga um fiskeldi, þar sem heildarlög koma í stað laga nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, og laga nr. 57/2006, um eldi vatnafiska. Mun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fara með yfirstjórn fiskeldismála en framkvæmd stjórnarsýslu verður hjá Fiskistofu. Færist nú stjórnarsýsla á eina hendi sem áður heyrði undir tvö ráðuneyti og tvær stofnanir. Þess er að vænta að við þessa einföldun á stjórnarsýslu verði stefnumótun í málaflokknum skilvirkari en áður.

Nýting strandsvæða

Það er mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að aðgengi að strandsvæðum og sjávarmassans þeim tengdum, verði verðmæt auðlind til framtíðar lítið. Fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum, sem eru með um 1/3 strandlengju Íslands er aðkoma að skipulagi á nýtingu þeirra því mikilvæg. Reynsla annarra þjóða s.s. Norðmanna ættu að vera hér til hliðsjónar. Líta verður á aðkomu sveitarfélaga að skipulagi strandsvæða á sama hátt og sveitarfélög koma að skipulagi nýtingu auðlinda, s.s. jarðhita og vatnsorku. Fjórðungssambandið hefur þegar gert sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd grein fyrir þessari afstöðu í umsögn um, frumvarp til breytinga laga um stjórn fiskveiða, 272. mál veiðar í atvinnuskyni, lagt fyrir Alþingi 135. löggjafarþing 2007-2008.

....Fjórðungssamband Vestfirðinga [vill] vekja athygli sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar Alþingis varðandi nauðsyn á taka til skoðunar skipulag strandsvæða við Íslandsstrendur. Á vegum Fjórðungssambandsins er nú er unnið að undirbúningi að gerð svæðaskipulags sveitarfélaga á Vestfjörðum, samkvæmt samþykkt 51. Fjórðungspings Vestfirðinga. Markmiðið er að sveitarfélög á Vestfjörðum marki með þeim hætti framtíðarsýn sem byggir á samspili nýtingu náttúru, þróunar efnahags og samfélags á grunni sjálfbærrar þróunar. Við undirbúning þessa verkefnis á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga, hefur sú spurning orðið áleitnari hvort ekki beri að vikka út þetta viðfangsefni skipulags og mótunar framtíðarsýnar á Vestfjörðum. Það er að segja, að taka sama hátt til skipulag hafsvæða sem liggja að ströndum Vestfjarða eins og tekið er til við skipulag landsvæða. Slíkt skipulag er þekkt í Noregi sem "kystsoneplanlegging" og einnig í Bandaríkjunum sem "costal planning" og mætti nefna hér á Íslandi sem "strandsvæðaskipulag". Afmörkun skipulags slíkra hafsvæða frá landi liggur í grunninn frá 115 m frá stórstraumsfjöruborði eða netlögn. Afmörkun til hafsisins



gæti hið minnsta náð til þess svæðis sem liggur innan grunnlínupunkta eins og þeir eru skilgreindir í lögum um landhelgi Íslands. Með þeim hætti væru allir firðir og hluti flóa innan skipulags, hugsanlega mætti stækka svæðið lengra til hafs t.d. sem næmi 4 sjómílum og væru þá allir flóar einnig innan skipulags.

Framangreindum sjónarmiðum var einnig getið í umsögn Fjórðungssambandsins til umhverfisnefndar vegna frumvarps til laga um skipulagslög og mannvirkjalög. Samband íslenskra sveitarfélaga setti einnig fram sjónarmið með svipuðum hætti í umsögn þess varðandi frumvarp til skipulagslaga sem nú er til umfjöllunar í umhverfisnefnd Alþingis, segir í þeirri umsögn m.a.:

“Skipulagsskylda nær til alls lands og hafs innan marka sveitarfélaga en það er í samræmi við þá skyldu sem hvílir á sveitarfélögum samkvæmt gildandi rétti. Samkvæmt álitni félagsmálaráðuneytisins frá 19. október 2000 miðast mörk sveitarfélaga til hafsins við netlög. Gildir þetta einnig um netlög við hólma og eyjar sem tilheyra bújörðum. Innan þessara marka fara sveitarfélög með skipulagsvald og útgáfu framkvæmdaleyfa. Sambandið telur mikilvægt að Alþingi taki afstöðu til þess hvort nægilegt sé að skipulagslögsaga sveitarfélaga til hafsins takmarkist af netlögum. Nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði árið 2002 náði ekki að mynda sameiginlega afstöðu til þessarar spurningar en afstaða fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga var sú að þessi mörk séu alltof knöpp. Það hlýtur að skipta sveitarfélögin og íbúa þeirra miklu máli hvort starfsemi á borð við fiskeldi eða vindmyllugarða sé leyfð við strönd eða á fjörðum og því nauðsynlegt að þeim sé tryggð aðkoma að ákvörðunum um hvort slík starfsemi sé yfirleitt leyfð.”

Með vísan til skýringa með 1 gr frumvarpsins um markmið laganna ... gildistöku laga þessara er ætlunin því sú að stuðla eftir föngum að möguleikum manna til fiskeldis og setja þeirri atvinnugrein jafnframt skýrar reglur og umgjörð þá er það mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að markmið laganna gangi ekki fram nema að skipulagsvald sveitarfélaga nái hér til strandsvæða, eins og gengur með aðra atvinnustarfsemi á landi. Hið sama gildir um víðtækt vald ráðherra til að afmarka fiskeldissvæði samanber 5 gr, laganna að banna fiskeldi með öllu. Ekki er um slík víðtæk inngríp í nýtingu auðlinda í jörðu. Hér skal ekki gert lítið úr þeim sjónarmiðum er varða umhverfisáhrif og verndun líffræðilegs fjölbreytileika. En á sama hátt og gerist með verkefni á landi þá ættu lög um umhverfismat, hollustuhætti og mengunarvarnir að geta veitt hér nauðsynlegt aðhald.

Hér er því ljóst er að gangast þarf í talsverða endurskoðun á margvíslegum lögum, til að færa skipulag strandsvæða til sambærilegs fyrirkomulags og sveitarfélög hafa á landi og að netlög. Fyrsta skref í þá átt ættu að sjást í hér í breytingum á lögum um fiskeldi þar sem hagsmunir sveitarfélaga er hvað skýrastur. Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur því til breytingu á frumvarpinu í þá átt að lögbinda umsagnarrétt sveitarfélaga varðandi staðsetningu fiskeldisstöðva og útgáfu rekstarleyfa til fiskeldis, samanber III



kafla laganna. Kæmi þar til viðbótar þeim aðilum sem tilgreindir eru og Fiskistofa, sem gefur út rekstarleyfi, ber að leita umsagnar til. Hér er einnig er lagt til að tilgreint verði samstarf við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Umhverfisstofnun. En þessir aðilar eru í dag lögum samkvæmt með framkvæmd mengunareftirlits og er það hlutverk heilbrigðiseftirlitsnefnda að gefa út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar.

Að lokum er gerð sú tillaga að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi fulltrúa í samráðsnefnd um framkvæmd laganna, sem skipa skal samkvæmt brábrigðaákvæði í frumvarpinu. Enda segir að *hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst*. Samkvæmt ákvæðinu á slík samráðsnefnd að starfa frá gildistöku laganna til loka ársins 2010. Samráðsnefndin skal einnig fjalla um framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Aðalsteinn Óskarsson'.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri